



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

---

Reykjavík 5. nóvember 2015

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun), 244. mál.

Náttúruverndarsamtök Íslands leggjast eindregið gegn *Tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141* sem lögð var fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-15.

Náttúruverndarsamtök Íslands undrast þá málsmeðferð þar sem lagt til að Alþingi álykti um breytingu á áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141 þannig að einn virkjunarkostur,

Liðurinn „Suðurland, Þjórsá, 29 Hvammsvirkjun“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færist í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).

Þessi tillaga orkar tvímælis í ljósi þeirra umræðna sem urðu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, rammaáætlun, í aðdraganda kosninga vorið 2013. Harkalegar áskanir um póltíska handstrýringu við flokkun virkjunarkosta, einkum vegna þess að Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjanir hefðu verið færðar úr nýtingarflokk í biðflokk vegna skorts á gögnum sem - líkt og fram kemur í greinargerð verkefnisstjórnar rammaáætlunar dags. 21. mars 2014 – átti fullan rétt á sér. Ella hefði verkefnisstjórnin ekki ráðið Skúla Skúlason prófessor við Háskólann á Hólum til að „gera úttekt á öllum fyrirbyggjandi rannsóknum á laxfiskum í Þjórsá.“

Náttúruverndarsamtökin benda á ummæli Sigurðar Inga Jóhannssonar á Alþingi við umræður um þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða:

Komið hefur fram, meðal annars í ræðum hv. stjórnarþingmanna, að um sé að ræða niðurstöðu sem sé pólitískt plagg, sem miklar líkur eru á að eftir næstu kosningar og nýja ríkisstjórn sé komið fordæmi fyrir því að hver ríkisstjórn leggi fram sína rammaáætlun, sína pólitísku sýn á hvað eigi að virkja og hvað eigi að vernda. Mér finnst það sorglegt að þetta ferli sem hefur tekið hátt á hálfan annan áratug skuli enda í þessum öfgum, vil ég segja.<sup>1</sup>

Er ekki þessi þingsályktunartillaga einmitt það sem Sigurður Ingi fordæmdi á Alþingi 11. desember 2012? Spyrja verður hvort ráðherra vilji með þessari tillögu rétta hlut sinn eftir þær hörðu og erfiðu deilur sem stóðu á 41. löggjafarþingi 2012 - 2013?

Þingsályktunartillagan undanskilur Holt- og Urriðafossvirkjanir og spurningin er hvers vegna þessar þrjár virkjanir eru ekki metnar saman. Eða, líkt og fram kemur í bókun Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors, (viðauki 3 við greinargerð verkefnisstjórnar rammaáætlunar):

... er miðað við að aðeins þurfi að **skilgreina** hvaða viðbótarrannsóknir þurfi að fara fram á búsvæðum laxfiska. Niðurstöður rannsókna þurfa ekki að liggja fyrir. Þannig eru áhrif framkvæmdanna ekki lögð til grundvallar í röðun virkjunarhugmyndarinnar. Það er grundvallarfrávik frá vinnubrögðum í fyrri tveimur áföngum rammaáætlunar. Hvað Holtavirkjun varðar, þá mætti flytja hana í nýtingarflokk meðan allsendis óljóst er hver stærðargráðan verður á afdrifaríkustu umhverfisáhrifunum. Þá bendi ég á að orðalagið eins og það er núna (*Skilgreining á því hvaða viðbótarrannsóknir þurfi að gera*) er ákaflega óljóst. Það felur t.d. ekki í sér hvaða þekkingu rannsóknirnar skuli að lágmarki skila og hvaða óvissa í niðurstöðum sé ásættanleg að mati framkvæmdaraðila.

Aðferðafræði umhverfis- og auðlindaráðherra í þessu tilfelli er að taka Hvammsvirkjun út sérstaklega í stað þess að meta umhverfisáhrifin með þeim hætti sem gert var í I. og II. áfanga rammaáætlunar.

---

<sup>1</sup> <http://www.althingi.is/altext/raeda/141/rad20121211T160959.html>

Ennfremur má benda á að sterk rök eru fyrir því að enn sé uppi töluverð óvissa um afdrif laxastofna í Þjórsá verði Hvammsvirkjun byggð. Í fyrrgreindri bókun professors Þóru Ellenar segir:

Það kemur skýrt fram í skýrslu Skúla og Haraldar (m.a. bls. 6–7) að oft skila mótvægisáðgerðir ekki þeim árangri sem stefnt var að. Þær eru erfiðar í framkvæmd og oft dýrar í framkvæmd, þurfa að standa til langframa og oft fylgir að auki kostnaður fyrir framkvæmdaraðila vegna fórna í orkuframleiðslu og þar með minni arðsemi virkjunarinnar. Ekkert hefur komið fram um það hvað framkvæmdaraðilinn hér, Landsvirkjun, er tilbúinn til að fórna miklu í orkuframleiðslu til að tryggja viðhald laxastofnsins né hvaða áhrif slíkar ráðstafanir hefðu á arðsemi virkjunarinnar.

Ísland er skuldbundið af alþjóðasamningum til að vernda villta laxastofna.

Náttúruverndarsamtök Íslands vekja athygli umhverfis- og skipulagsnefndar á að einn virkjunarkostur, Norðlingaölduveita, var ótvírætt flokkaður í verndarflokk. Þrátt fyrir það og þrátt fyrir að verndaráætlun liggi fyrir varðandi stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, í samræmi við lög um rammaáætlun, hefur umhverfisráðherra séð mikil vandkvæði á að stækka friðlandið. Vinnubrögð af þessu tagi benda til að aðferðafræði rammaáætlunar hafi ekkert gildi í augum umhverfis- og auðlindaráðherra. Lögð fram þingsályktunartillaga um einn virkjunarkost í trausti meirihluta á Alþingi en skýrum friðlýsingarkosti hafnað.


Heimildir Náttúruverndarsamtaka Íslands herma að það sé öldungis fráleitt að ætla Landsvirkjun geti reist þessa virkjun án þess að önnur hinna tveggja að minsta kosti fylgi með. Af þeirri ástæðu einni er þessi þingsályktunartillaga ótæk.

Náttúruverndarsamtök Íslands skora á umhverfis- og samgöngunefnd að hafna þessari nálgun ráðherra sem prófessor Þóra Ellen Þórhallsdóttir telur að

... mætti líkja við óútfylltan en undirritaðan tákka (svo gripið sé til hálfúrelts líkingamáls), – verkefnisstjórn er búin að skrifa undir að umhverfisafleiðingarnar séu þess eðlis að ráðast megi í framkvæmdina en mikilvægustu lífríkisáhrifin eru samt óþekkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

A handwritten signature in dark ink, appearing to read 'Árni Finnsson', written in a cursive style.

Árni Finnsson.